

Reglur um félagslega heimaþjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði

I. KAFLI

Almennt um þjónustuna

1. gr. Markmið

Markmið heimaþjónustu er að efla notandann til sjálfsbjargar og sjálfræðis og gera honum kleift að búa sem lengst á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður. Við framkvæmd og skipulagningu þjónustunnar skal lögð áhersla á að sníða hana að þörfum notandans og virða sjálfsákvörðunarrétt hans.

2. gr. Skilgreining

Reglur þessar eru settar með vísan til laga um

- Félagþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- Þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- Málefni aldraðra nr. 125/1999.

Félagsleg heimaþjónusta er stuðningsþjónusta inn á heimili, við fjölskyldur og einstaklinga. Leitast skal við að veita þjónustu eftir þörfum notenda.

Félagsleg heimaþjónusta getur falið í sér:

- Aðstoð við athafnir daglegs lífs
- Aðstoð við heimilishald
- Félagslegan stuðning
- Aðstoð við umönnun barna og ungmenna
- Heimsendingu matar

3. gr. Markhópur og forsendur þjónustu

Forsenda fyrir því að geta sótt um félagslega heimaþjónustu er að umsækjandi eigi lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði, sé eldri en 18 ára, búi í heimahúsum hafi þörf fyrir þjónustu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar, fötlunar, félagslegrar einangrunar eða af öðrum ástæðum sem félagsmálanefnd Hornafjarðar metur gildar. Ekki er að jafnaði veitt þjónusta sem aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, geta annast en á því eru eftirfarandi undantekningar:

1. Heimili fatlaðra og langveikra sem þurfa mikla umönnun frá öðrum fjölskyldumeðlimum.
2. Heimili fatlaðra eða langveikra barna sem þurfa mikla umönnun. Horft er á heildarmynd þjónustu við heimilið áður en ákvörðun er tekin um að veita heimaþjónustu.
3. Heimili aldraðra með skerta getu.

4. gr.

Gjaldskrá

Greitt er fyrir heimaþjónustu samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur að fengnum tillögum frá félagsmálanefnd Hornafarðar. Gjaldskráin er endurskoðuð í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á greiðslum almannatrygginga til lífeyrisþega. Allir notendur eru gjaldskyldir samkvæmt gildandi gjaldskrá. Með umsókn þarf að fylgja yfirlit yfir allar tekjur, þar með talið tryggingabætur og lífeyrisgreiðslur. Heimilt er að fara fram á staðfest afrit af síðasta skattframtali.

II. KAFLI

Nánari útfærsla á þjónustunni og framkvæmd hennar

5. gr.

Skilgreiningar á þjónustupáttum

Aðstoð við athafnir daglegs lífs

Aðstoð við athafnir daglegs lífs er veitt þeim sem eiga erfitt með að sinna persónulegri umhirðu og felur m.a. í sér aðstoð við að matast, klæðast, salernisferðir og aðstoð við böðun og lyfjagjöf.

Aðstoð við heimilshald

Aðstoð við heimilshald er veitt þeim sem geta ekki sinnt heimilshaldi án aðstoðar vegna hreyfihömlunar, langvarandi veikinda, skertrar færni eða skertrar andlegrar getu. Aðstoð við heimilshald getur m.a. falið í sér aðstoð á matmálistíma, við innkaup á nauðsynjavörum og almenn heimilisþrif.

Gert er ráð fyrir að notandi fari með starfsmanni í innkaupaferðir. Geti notandi það ekki vegna hreyfihömlunar eða skertrar færni er hann hvattur til að nýta sér reikningsviðskipti hjá matvöruverslunum, heimsendingu matvæla og/eða lyfja. Í undantekningartilfellum er heimilt að gera samning um að starfsmaður heimaþjónustu sjái um innkaup á nauðsynjavörum ekki oft en einu sinni í viku. Í samningi skal hámarksupphæð innkaupa yfir ákveðið tímabil tilgreind.

Gert er ráð fyrir að notandi taki þátt í heimilisþrifum eftir því sem kostur er. Aðstoð við almenn heimilisþrif takmarkast við þau herbergi sem eru í daglegri notkun s.s. eldhús, salerni, gangar, svefnherbergi, stofu og borðstofu. Aðstoð við almenn heimilisþrif er alla jafna veitt aðra hverja viku.

Félagslegur stuðningur

Félagslegur stuðningur er veittur þeim sem hafa þörf fyrir stuðning í þeim tilgangi að rjúfa félagslega einangrun og felst m.a. í samveru með umsækjanda, markvissum stuðningi, hvatningu og örvun.

Aðstoð við umönnun barna og ungmenna

Er veitt þar sem um er að ræða erfiðar fjölskylduaðstæður t.d. vegna veikinda, slysa eða fötlunar barns eða foreldris. Aðstoð við umönnun barna og unglunga getur einnig átt við þegar mál er til vinnslu hjá barnavernd og fer þá skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Aðstoðin tekur mið af þörfum fjölskyldunnar hverju sinni og getur falist í félagslegum

stuðningi, aðstoð við heimilishald, s.s. þvott, undirbúning máltíðar og aðstoð við persónulega umhirðu.

Heimsendur matur

Þeir sem geta ekki eldað sjálfir um skemmri eða lengri tíma geta sótt um að fá heimsendan mat í hádeginu. Greitt er fyrir matinn skv. gildandi gjaldskrá.

6. gr.

Hvenær þjónustan er veitt

Gert er ráð fyrir þjónustan sé veitt á virkum dögum á dagvinnutíma. Einnig er veitt þjónusta á kvöldin og um helgar þegar þörf krefur. Aðstoð um kvöld og helgar felst einkum í innliti og stuttri samveru með það að markmiði að stuðla að aukinni öryggiskennd eða aðstoð við persónulega umhirðu.

III. KAFLI

Umsóknir, mat, forgangsröðun og notendasamningar

7. gr.

Umsóknir

- a) Sótt er um í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins.
- b) Sótt er um á eyðiblöðum hjá móttökuritari ráðhússins.

Mikilvægt er að allar umbeðnar upplýsingar komi fram í umsókninni. Hægt er að óska eftir læknisvottorði eða greinargerð frá fagaðila þyki ástæða til. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til þess að sækja um fyrir sína hönd.

Matsnefnd tekur við öllum umsóknum.

8. gr.

Mat á þjónustubörf

Starfmenn matsnefndar meta þörf fyrir þjónustu sem fer alla jafna fram á heimili umsækjanda eins fljótt og auðið er eftir að umsókn berst. Við mat á þjónustubörf eru aðstæður kannaðar og metnar og er tekið sérstakt tillit til sjónarmiða umsækjanda, færni hans til að sinna athöfnum daglegs lífs, félagslegrar stöðu og fjölskylduáðstæðna. Leitast er við að veita þá þjónustu sem umsækjandi eða aðrir heimilismenn eru ekki færir um að annast sjálfir.

Niðurstöður þjónustumats eru lagðar fyrir matsnefnd sem tekur ákvörðun um umfang og eðli þeirrar þjónustu sem veitt er. Senda skal umsækjendum skriflegt svar um niðurstöðu úr þjónustumati, þar sem ferill umsóknar er rakinn og tilgreint hvenær þjónustan getur hafist. Ákvörðun um synjun á beiðni um heimaþjónustu eða takmörkun á umbeðinni þjónustu skal rökstudd og umsækjanda bent á áfrýjunarrétt sinn.

9. gr.

Notendasamningur

Notendasamningur er gerður við umsækjanda vegna umsóknar um heimaþjónustu þar sem fram kemur hvaða þjónusta var samþykkt, hvaða þjónusta verði veitt, tímafjöldi, gildistími samnings, verkefni og vinnutilhögun. Verði breyting á þörfum fyrir heimaþjónustu á tímabilinu fer fram endurmat.

Eftir að notendasamningur hefur verið undirritaður getur þjónustan hafist. Leitast skal við að hefja þjónustu innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst til matsnefndar. Heimilt er að hefja

Þjónusta þótt umsóknarferli sé ekki lokið þegar aðstæður krefjast þess. Ákvörðun um slíkt er tekin af fulltrúum matsnefndar. Athygli skal á vakin á því að þjónustan fellur sjálfkrafa niður á tímabundnum samningum nema sótt hafi verið um endurnýjun. Áður en notendasamningur rennur út er haft samband (símleiðis og/eða með bréfi) við notanda eða umboðsmanni hans þar sem gildistími samnings er áréttaður. Telji notandi sig í þörf fyrir áframhaldandi þjónustu skal hann að öllu jöfnu sækja um að nýju. Þar sem fyrirsjáanlegt er að þörf fyrir þjónustu verði viðvarandi skal fara fram endurmat af hálfu matsnefndar. Heimilt er hvenær sem er að endurskoða framkvæmd og grundvöll þjónustunnar sé grunur um að hún sé ekki að nýtast notanda á viðeigandi hátt og þá jafnvel að fella hana niður tímabundið meðan á endurskoðun stendur.

Gildistími notendasamnings getur verið allt að 24 mánuðir. Óski umsækjandi áframhaldandi þjónustu skal hann að öllu jöfnu sækja um að nýju. Skal það gert 3 vikum áður en samningur er útrunninn. Þar sem fyrirsjáanlegt er að þörf fyrir þjónustu verði viðvarandi skal fara fram endurmat á 24 mánaða fresti. Umsækjandi þarf þá ekki að sækja um að nýju.

10. gr.

Forgangsröðun umsókna

Umsóknum er forgangsraðað með hliðsjón af viðmiðum um forgangsröðun í heimaþjónustu (sjá fylgiskjal). Þeir njóta forgangs sem þurfa daglega á félagslegum stuðningi að halda og aðstoð við athafnir daglegs lífs, s.s. vegna lyfjagjafar.

IV. KAFLI

Ýmislegt

11. gr.

Starfsmenn

Sveitarfélagið Hornafjörður leitast við að ráða starfsmenn sem hafa til að bera hæfni, eiginleika, reynslu og þekkingu sem nýtist í starfinu.

Starfsmönnum er óheimilt að þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá notendum eða aðstandendum þeirra.

Starfsmönnum er óheimilt að geyma lykla að heimilum notenda nema um það sé samið í notendasamningi. Jafnframt er starfsmönnum óheimilt að aka bílum notenda.

Samkvæmt 26. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er óheimilt að ráða í störf sem unnin eru í þágu þjónustu við fatlað fólk hjá sveitarfélögum, byggðasamlögum, ríki eða einkaaðilum, hvar sem hún er veitt, þá sem hafa hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla, 211. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga.

12. gr.

Vinnuáðstæður starfsmanna

Í lögum nr.46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum merkir vinnustaður það umhverfi innanhúss og utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um starfa sinna vegna. Þar skal fyllsta öryggis gætt og góður aðbúnaður tryggður. Vinna starfsmanna í heimaþjónustu fer fram á einkaheimilum og þarf umsækjandi eða umbjóðandi hans að fallast á að aðstæður séu þannig að áðurnefndum atriðum sé fullnægt. Skapist þær aðstæður inni á heimilinu að öryggi notanda eða starfsfólks sé ógnað, t.d. vegna skorts á nauðsynlegum hjálpartækjum, vegna óreglu, áreitni eða ógnandi hegðunar, þarf tafarlaust að gera viðeigandi

ráðstafanir. Fresta getur þurft þjónustu á meðan leitað er ráðgjafar og aðstoðar við að finna viðeigandi lausnir.

Starfsmönnum er óheimilt að reykja inni á heimilum notenda og notendur gangast inn á að reykja ekki meðan starfsmenn eru inni á heimilinu.

13. gr.

Meðferð fjármuna

Ekki er gert ráð fyrir að starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu fari með fjármuni notenda. Undantekningar eru þegar um er að ræða umsækjendur sem geta ekki séð um innkaup sjálfir vegna hreyfihömlunar, langvarandi veikinda eða skertrar færni og þar sem fleiri óskyldir aðilar búa saman og reka heimili sbr. 5. gr. þessara reglna.

V. KAFLI

Málsmeðferð

Srb. ákvæði XVI og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélags nr.40/1991.

14. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga er unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði frá umsækjanda.

15. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Öll vinnsla persónuupplýsinga innan sveitarfélagsins skal fara fram í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlög).

Starfsmenn skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og helst þagnarskylda þótt viðkomandi láti af störfum. Um trúnað gildir að öðru leyti 2. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr.45/1998, þar sem segir að starfsmenn sveitarfélaga séu bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

16. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Mastsnefnd tekur ákvörðun samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálanefndar Hornafjarðar og ber ábyrgð á afgreiðslu mála gagnvart nefndinni. Ábendingum notenda varðandi þjónustuna skal beina til skrifstofu Heimaþjónustudeildar Hornafjarðar.

17. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn um þjónustu eða niðurfellingu gjalds hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda að fara fram á að félagsmálanefnd fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur

fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálanefndar frá því honum berst vitneskja um ákvörðun.

18. gr.
Áfrýjun

Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun matsteymis til félagsmálanefndar innan fjögurra vikna frá því honum berst vitneskja num ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun félagsmálanefndar er kynnt umsækjanda skriflega og um leið er honum kynntur réttur hans til að áfrýja til Úrskurðarnefndar Velferðamála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var kunngerð ákvörðun félagsmálanefndar.

Úrskurðarnefndin sker úr ágreiningsmálum sem kunna að rísa vegna ákvarðana félagsmálanefnda sveitarfélaga á grundvelli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

19. gr.
Gildistaka

Reglur þessar taka gildi við samþykkt þeirra í bærarstjórn, reglur um heimaþjónustu í sveitarfélaginu Hornafirði frá 8. mars 2012 falla úr gildi á sama tíma.

Samþykkt á fundi félagsmálanefndar 11. ágúst 2020.

Samþykkt á fundi bærarstjórnar 20. ágúst 2020.

Matthildur Ásmundardóttir bærarstjóri

Viðmið um forgangsörðun í heimaþjónustu

Við mat á því hvort einstaklingur þarf heimaþjónustu strax eða getur beðið, er umsóknnum forgangsraðað með hliðsjón af neðangreindum fjórum flokkum.

Fylgiskjal

Flokkur 1

Skilgreining

Nauðsynleg þjónusta. Má ekki falla niður.

Þjónusta hefst strax og hefur forgang.

Forsendur

Þeir sem þurfa daglega á félagslegum stuðningi og hvatningu að halda.

Þeir sem þurfa daglega aðstoð við athafnir daglegs lífs.

Þeir sem þurfa aðstoð og eftirlit með inntöku lyfja.

Þeir sem hafa verið metnir í mjög brýna þörf fyrir vistun á hjúkrunarheimili.

Flokkur 2

Skilgreining

Mikilvæg þjónusta.

Ef þjónusta fellur niður þarf að bæta viðkomandi það upp sem allra fyrst.

Forsendur

Þeir sem þurfa á reglulegri þjónustu að halda, en þó ekki daglega.

Þeir sem eru félagslega einangraðir.

Þeir sem þurfa eftirlit, aðstoð og mikla hvatningu við persónulega umhirðu, heimilisstörf, aðdrætti og fleira.

Flokkur 3

Skilgreining

Reglubundin þjónusta.

Bið getur orðið eftir þjónustu.

Ekki er æskilegt að þjónustan falli niður oftar en í tvö skipti samfellt.

Forsendur

Þeir sem þurfa aðstoð, hvatningu og félagslegan stuðning.

Þeir sem þurfa aðstoð við þrif.

Flokkur 4

Skilgreining

Bið getur orðið eftir þjónustu.

Eingöngu þrif.

Ekki er æskilegt að þjónustan falli niður oftar en í tvö skipti samfellt.

Forsendur

Þeir sem eru félagslega vel settir og komast allra sinna ferða.

Þeir sem eingöngu þurfa aðstoð við þrif.